



PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
 tunnan@tunnan.is
 Sími: 467 - 1288



TUNNAN
 www.tunnan.is

35. tbl. 33. árg. 20. - 26. okt. 2021

Fyrsti vetrardagur í Fjallabyggð Menningarhúsið Tjarnarborg

Fjallabyggð



Laugardaginn 23. október 2021
Kl. 13.00 – 17.00

Sköpun og verk 2021

Sýning á listmunum, handverki og kynning á sköpun og verki í Fjallabyggð

Sigurlaug Hrafnadóttir

Hannað - prjónað -heimagert góðgæti.

Jón Sigurjónsson

Handgerðir skartgripir - pennar og sett.

María Petra Björnsdóttir

Höfundur Orkumatur - Að velja góða næringu.

Hrönn Einarsdóttir

Kuldaskjól prjónavöru - ljósmyndir

HÚLLADÚLLAN KYNNIR

Fjölskyldusirkushelgi í Fjallabyggd!



23. og 24. október 2021 kl. 10:00 - 16:00 í Íþróttahúsinu Ólafsfirði

Sirkusfimleikar, djögg, jafnvægislistir, húllahopp,
loftfimleikar, kínverskir snúningsdiskar, töfrafadrir,
veltibretti, kasthringir, blómaprik, gleði og leikir

Fjölskyldusirkushelgin felur í sér tveggja daga kennslu þar sem þáttakendur fá að prófa hinar ýmsu sirkuslistir og og sirkusáhöld undir leiðsögn Húlladúllunnar og aðstoðarkennara hennar. Dagskráin er sérstaklega sniðin að því að öll fjölskyldan geti tekið þátt saman.

Athugið að það er velkomid að taka þátt í allri dagskránni eða hluta hennar, allt eftir því hvað tími og orka hvers og eins leyfir.



Ætlast er til þess að börn yngri en 8 ára séu í fylgd með eldri fjölskyldumeðlimi.

Skráning og upplýsingar: www.hulladullan.is

Siglufjarðarkirkja 24. október



Kl. 11.15: Kirkjuskóli.

Kl. 20.00: Kvöldmessa. Sigfúsartón flutt.

Ræðumaður: Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar.

Verið hjartanlega velkomin. Sigurður Ægisson


Auglýsing frá HSN í Fjallabyggð 18. okt. 2021
Ágætu íbúar Fjallabyggðar

Bólusetningum við Covid fer nú fækkandi og verður breyting á skipulagi þeirra. Við verðum í samvinnu við Dalvík og má skrá sig í bólusetningu þar. Á Akureyri má mæta án þess að skrá sig.
(sjá heimasíðu HSN)

Í Fjallabyggð þarf að panta tíma og verður skipulagið eftirfarandi:

- Fram að áramótum verður bólusett þriðju hverja viku, fimmtudagana 21/10, 11/11 og 2/12 og þriðjudaginn 21/12.
- Eftir áramótin verður bólusett síðasta fimmtudag hvers mánaðar.


Á Dalvík þarf að panta tíma og er skipulagið eftirfarandi:

- Miðvikudagar um miðjan hvers mánaðar.

Sýni við Covid eru tekin í suðurenda HSN Fjallabyggð á Siglufirði:

- PCR próf er tekið mánu-, miðviku- og föstudaga kl 10:00.
Ath. panta þarf tíma. Aðra daga þarf að fara inn á Akureyri.
- Hraðpróf alla virka daga kl 15:00. Skrá sig á [Heilsuvera.is](https://heilsuvera.is) eða [Hraðprof.covid.is](https://hraðprof.covid.is), hringja síðan í 460 2100 og [panta tíma í sýnatökuna](#).

Influensubólusetning hefst 28. október:

Panta tíma í síma 460 2100.

- Ólafsfjörður 28. okt. fyrir forgangshópa. 4. nóv. fyrir aðra.
- Siglufjörður 28. og 29. okt. fyrir forgangshópa. 4. og 5. nóv. fyrir aðra.


<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item16297>

Ath. líða þurfa 2 vikur á milli Covid bólusetningar og Influensubólusetningar.



VIÐBURÐADAGATAL Á AÐVENTU í Fjallabyggð 2021

Eins og fyrri ár er undirbúningur að aðventu og jóladagskrá í Fjallabyggð að hefjast og byrjum við á viðburðadagatalinu.

Undanfarin ár hefur viðburðadagatal verið gefið út á vegum bæjarins þar sem tíunduð er dagskrá flestra þjónustuaðila, kirkjunnar, félaga, safna, skóla, tónleikar, jólamarkaðir, miðbæjarstemning og fleira sem fylgir því að njóta töfra adventunnar.

Ljósín verða kveikt á jólatrénu í Ólafsfirði laugardaginn 27. nóvember og á Siglufirði sunnudaginn 28. nóvember.

Upplýsingar um viðburði er hægt að senda á markaðs- og menningarfulltrúa á netfangið: lindalea@fjallabyggd.is eða í síma 464-9100 í síðasta lagi **10. nóvember 2021**.

Viðburðadagatalinu verður dreift í Fjallabyggð og rafrænt á vef.

JÓLAMARKAÐUR TJARNARBORGAR laugardaginn 27. nóvember

Í tengslum við tendrun jólatrés í Ólafsfirði laugardaginn 27. nóvember verður haldinn jólamarkaður í og við Menningarhúsið Tjarnarborg milli kl. 13:00 - 16:00.

Peir sem hafa hug á því að fá borð eða panta Jóláhús vinsamlegast hafi samband við Ástu í síma 853 8020 eða á netfangið: tjarnarborg@fjallabyggd.is

